




Ársskýrsla 2022





Orkídeu er ætlað að efla nýsköpun og rannsóknastarf á Suðurlandi, sér í lagi á sviði hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni. Ætlunin er að koma á öfluggu samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf. Markmiðið er að fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans, auka samkeppnishæfni íslenskra afurða á alþjóðlegum markaði og gera Suðurland leiðandi í samspili orku, umhverfis og samfélags.



Markmið Orkídeu er að auka verðmætasköpun og greiða veg orkutengdra tækifæra, einkum á sviði matvælaframleiðslu og líftækni, með sjálfbærni að leiðarljósi. Okkar samstarfsaðilar eru fjölmargir, fyrirtæki, frumkvöðlar, sveitarstjórnir og ýmis samstarfsverkefni um nýsköpun. Á bak við Orkídeu stendur öflugur bakhjarlahópur, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Landsvirkjun og Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ). Þetta bakland, með sínu tengslaneti, stefnumörkun og fjárhagsstuðningi, er forsenda starfs Orkídeu.

Starf Orkídeu á árinu 2022 hefur verið fjölbreytt. Hringrásarhagkerfið hefur verið eitt meginþema starfsins. Á árinu voru undirritaðar tvær viljayfirlýsingar um stofnun Grænna iðngarða, annars vegar í Bláskógabyggð og hins vegar í Rangárþingi ytra. Þessar viljayfirlýsingar hafa gefið tóninn í starfinu og vöktu verðskuldaða athygli. Í báðum sveitarfélögum er ríkur vilji til aðgerða til eflingar hringrásarhagkerfisins þar sem hátæknimatvælaframleiðsla er í öndvegi.

Við unnum einnig að öflugum kynningarstarfi á árinu. Í maítókum við þátt, ásamt systurverkefnum okkar, Eimi og Bláma, sem og Landsvirkjun, í viðburðum á Nýsköpunarvikunni m.a. með notkun á vetnisgrilli sem vakti óskipta athygli gesta. Um haustið héldum við

veglega og fjölsóttu ráðstefnu á Selfossi um nýsköpun og tækifæri í íslenski matvælaframleiðslu, í samvinnu við LbhÍ. Við heimsóttum fjölmörg sveitarfélög og fyrirtæki á Suðurlandi á árinu. Fórum á nokkrar alþjóðlegar sýningar og ráðstefnur á sviðinu sem gaf okkur verðmæt tengsl og ný tækifæri í ESB umsóknum.

Drjúgur hluti okkar tíma fór í umsóknarskrif í samvinnu við íslenska og erlenda aðila. Orkídea er smá saman að vinna sér nafn með þátttöku í umsóknum í alþjóðlegu samhengi sem er mjög ánægjulegt og hvetjandi. Við aðstoðuðum fjölmarga frumkvöðla við umsóknir í íslenska samkeppnissjóði og fjármagn sem við höfum átt þátt í að afla til sunnlenskra aðila skiptir tugum milljóna á þessum fyrstu tveimur starfsárum Orkídeu.

Allt starf okkar væri þó óhugsandi án stuðnings bakhjarla okkar og annarra samstarfsaðila. Með þann stuðning í farteskinu höldum við ótrauð áfram á vegferð okkar í átt að sjálfbærni, verðmætasköpun og hringrásarhugsun í matvælaframleiðslu og líftækni á Suðurlandi.

Selfossi, í mars 2023, Sveinn Aðalsteinnsson

Stjórn Orkídeu 2022



Bjarni Guðmundsson



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir



Ríkarður Ríkarðsson

Verkefnastjórn Orkídeu 2022



Dóra Björk Þrándardóttir
(frá mars 2022)



Sigurður Markússon



Árni Eiríksson
(frá ágúst 2022)



Björk Grétarsdóttir
(til maí 2022)



Þórður Freyr Sigurðsson



Áshildur Bragadóttir



Daði Már Kristófersson



Sveinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri



Helga Gunnlaugsdóttir
Rannsókn- og þróunarstjóri



Greiða leið nýsköpunar og stuðla að samvinnu

Miðla R&D til fyrirtækja, frumkvöðla og hagaðila. Aðstoð við þekkingaröflun.



Greining hindrana og benda á lausnir

Upplýsingaöflun og greining á reglugerðum og lagaumhverfi. Vinna að lausnum.



Öflun verkefna

Vinna að umsóknum í samkeppnissjóði í samvinnu við frumkvöðla og fyrirtæki.



Umsjón nýsköpunarverkefna

Verkefnastjórn í nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum.



Söfnun og greining upplýsinga

Upplýsingasöfnun um innviði og greiningar, þarfir fjárfesta o.fl.



Samvinna um þróunarverkefni á landsvísu

Samvinna við önnur rannsóknar- og nýsköpunarverkefni um land allt.

Yfirlit yfir starfsemi ársins

Janúar

- 10. Fundur með þróunarstjóra Atmonía ehf.
- 14. Erindi og kynning á Orkídeu á fjarfundi samtaka orkusveitarfélaga
- 24. Fundur með sérfræðingi LbHÍ um lífgas og lífrænar auðlindir frá landbúnaði
- 25. Fundur með Ólafi Eggertssyni um þátttöku Eyrarbúsins í Horizon Europe verkefni
- 27. Fundur með forstöðumanni viðskiptaþróunar hjá Varmaorku/Baseload Power Iceland

Mars

- 15. Sótt um Sprota verkefni í Tækniþróunarsjóð í samvinnu við Fersk þurrkun ehf.
- 16. Fundur með sveitarstjórn og garðyrkjubændum í Reykholti um Grænan auðlindagarð í Reykholti í Biskupstungum
- 18. Heimsókn til LiveFood í Hveragerði
- 21. Þátttaka í starfshópi Matvælaráðuneytisins um endurskoðun Matvælastefnu
- 29. Fundur með sérfræðingum Landgræðslunnar
- 31. Þátttaka í fjárfestahátíð Norðanáttar á Siglufirði

Mái

- 3. Kynning á Orkídeu fyrir framsóknarmenn í Árborg
- 11.-13. Þátttaka í ráðstefnu um hringrás landbúnaðarauðlinda (ManuREsource) í Hollandi
- 19. Kynning í Nýsköpunarvikunni ásamt Eimi og Bláma með áherslu á orkuskipti og matvælaframleiðslu
- 20. Fundur með Loki Foods
- 25. Mentor í Hringiðu hraðlinum

Febrúar

- 7. Fundur með sveitarstjórn Rangárþingi ytra og Íslandsstofu um Grænan iðngarð
- 8. Myndaður stýrihópur um verkefnið Grænn Iðngarður í Rangárþingi ytra
- 10. Fundur með Anna Traylor hjá EIT Food
- 11. Send inn umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna í samvinnu við Fersk þurrkun ehf.
- 23. Send inn umsókn (FARM2SENSE) í 1. þrep af tveimur fyrir HORIZON-CL6-2022-FARM2FORK-02-04
- 25. Fundur með ábúendum í Laxárdal 1a um lífgasvinnslu og nýsköpun

Apríl

- 04. Undirrituð viljayfirlýsing um stofnun græns auðlindagarðs í Reykholti í Bláskógabyggð
- 05. Erindi á kynningarfundum fyrir sunnlenska frumkvöðla í samvinnu við Ölfus Cluster
- 07. Frágangur hagaðilagreiningar fyrir Orkídeu
- 08. Fyrirlestur og samantekt niðurstaðna á ráðstefnunni Maturinn, jörðin og við
- 12. Útgáfa fyrstu ársskýrslu Orkídeu
- 22. Kynning á Orkídeu fyrir sjálfstæðisfólk í Árborg
- 25. Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði Námsmanna fyrir verkefnið "Vöruþróun á vagnýttu grænmeti"
- 25. Fundur með Josh Klein vegna fjárfestingamöguleika á Suðurlandi

Júní

- 2. Fundur með Landeldi ehf. um samstarfsverkefni á sviði nýtingar á lífrænum úrgang
- 3. Þátttaka í lokaráðstefna verkefnisins CreThink í Fjölheimum á Selfossi
- 7.-9. Heimsókn systurverkefnanna Eims og Orkídeu til Bláma í Bolungarvík og fyrirtækja á Ísafirði
- 9. Heimsókn til Matis

Janúar - júní 2022



Júlí

- 13. Fundur með nýrri sveitarstjórn RY til að kynna hugmyndafræði Grænna iðngarða

September

- 5. Kynning fyrir ráðherra háskóla, vísinda, iðnaðar og nýsköpunar
- 5. Kynning og fundur með Orkumálastjóra
- 8. Ráðstefna Orkídeu og Lbhí um Nýsköpun og tækifæri í íslenskri matvælaframleiðslu
- 14. Undirrituð viljayfirlýsing um stofnun græns iðngarðs í Rangárþingi ytra
- 19. Frétt á Bylgjunni, Stöð 2 og visir.is um stofnun græns iðngarðs í Rangárþingi ytra
- 19. Grein og viðtal í Morgunblaðinu um stofnun græns iðngarðs í Rangárþingi ytra
- 21. Heimsókn til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps
- 22. Kynning á Orkídeu á sjálfbærniþingi Landsbankans
- 29. Þátttaka í ráðstefnu norræns búvísindafólks á NJF ráðstefnu á Selfossi

Nóvember

- 9. Heimsókn í Orkugerðina í Flóa
- 10.-11. Þátttaka í Sjávarútvegsráðstefnunni
- 11. Þátttaka í Climate Change Challenge með frumkvöðlum í boði Transition Labs og Foobar
- 17. Fundur með Stefáni Gíslasyni frá Environice um leiðir til að efla lífræna framleiðslu á Íslandi
- 21. Heimsókn til Sýni rannsókn- og ráðgjafabjónustu
- 22. Þátttaka í Matvælaþingi
- 23. Energy Happy Hour; kynningarkvöld frumkvöðla í samvinnu Orkídeu, Sjávarklasans, Eims og Bláma
- 25. Þátttaka í hagaðilafundi og vinnu að Vegvísi um hringrásarhagkerfið

Ágúst

- 4. Fundur með Nordic Wasabi
- 15. Fundur með SFG vegna gjaldskrármála garðyrkjunnar
- 17. Heimsókn í Bláskógabyggð vegna Græns iðngarðs
- 17. Heimsókn í Sorpu og GAJA til að skoða jarðgerðar og lífgasframleiðslu
- 19. Fundur með Förka og Bláma um samstarfsverkefni á sviði nýtingar á lífrænum úrgang
- 23. Heimsókn til Flúðasveppa
- 24. Heimsókn frá Vísindagörðum HÍ í Fjölheima, Orkídea kynnt
- 30. Fundur með Rannsóknar og Þróunarstjóra íslenska sjávarklasans

Október

- 3. Þátttaka í hagaðilafundi og vinnu að Vegvísi um bættu nýtingu lífrænna efna
- 4. Skilað inn umsókn í LIFE áætlun ESB - Stutttheiti umsóknar Terraforming LIFE
- 5. Viðburður Orkídeu og EIT Food North West; tengslamót frumkvöðla og kynningar á fyrirtækjum á Suðurlandi
- 19. Viðburður með HfSU og frumkvöðlum á Suðurlandi vegna opnun vefsíðunar <https://nyskopunargardurinn.is>
- 27. Skilað inn umsókn í HE áætlun ESB – Stutttheiti umsóknar Value4Farm

Desember

- 6.-8. Sóttum sýninguna og ráðstefnuna Food Ingredients Europe 2022 í Frakklandi
- 9. Fjarfundur með sveitarstjórum á Suðurlandi um gjaldskrá raforku í dreifbýli og þéttbýli
- 14. Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2023 afgreidd frá stjórn Orkídeu
- 15. Þátttaka í tengslamótinu GREENET fyrir HE Cluster 5
- 19. Þátttaka í tengslamótinu b2match fyrir HE Cluster 6
- 28. Fundur með starfsmönnum BaseloadPower um möguleg samstarfsverkefni
- 30. Styrkur úr þróunarsjóði garðyrkjunnar

Júlí - desember 2022





4. apríl 2022

Viljayfirlýsing
um undirbúning Græns
auðlindargarðs í
Reykholti Biskupstungum

37

Fréttir á vefsíðu
Orkídeu

3

Umsóknir
í sjóði ESB



14. september 2022

Orkídea og Rangarþing
ytra skrifa undir
viljayfirlýsingu um
stofnun Græns iðngarðs

70

heimsóknir til
fyrirtækja
og hagaðila

57

milljón króna
styrköflun Orkídeu
2021 og 2022



3. nóvember 2022
EIT Food North-West
fulltrúar ánægðir með
heimsókn til Orkídeu

9

Umsóknir
í innlenda
samkeppnissjóði

91

Birtingar á
samfélagsmiðlum
Orkídeu



10. nóvember 2022
Orkugerðin í Flóa
heimsótt



1. desember 2022
Pitch Perfect kvöld með
frumkvöðlum og samstarf
við Sjávarklasann

35

Umfjöllun í ljósvaka-
eða prentmiðlum



Asturvegur 56
800 Selfoss
orkidea@orkidea.is
www.orkidea.is